


Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

7. tbl. • Júlí 2000

Vaxandi vægi iðnaðar og þjónustu í útflutningi



Gangi spá Þjóðhagsstofnunar um útflutning á næsta ári eftir mun vægi sjávarútvegs í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar verða minni en 40%.

Þetta er í fyrsta sinn í marga áratugi sem það gerist. Tvennt kemur til. Í fyrsta lagi hefur útflutningur annarra vara en sjávarafurða verið að vaxa sem og þjónustutekjur. Endurspeglar

þetta útrás íslenskra iðnaðar- og þjónustufyrirtækja og vöxt þeirra. Hitt er verra að tekjur af útflutningi sjávarafurða eru að dragast saman. Ef spá Þjóðhagsstofnunar gengur eftir munu tekjur af útfluttum sjávarafurðum verða um 9 milljörðum króna minni á næsta ári en þær voru árið 1998.

Ungir hugvitsmenn verðlaunaðir



Sjá grein bls. 8

Efnisyfirlit

Ísland í ESB?

Ritstjórnargrein

2

Ferð Félags íslenskra gullsmiða til St. Pétursborgar

4



Fyrirtækjaheimsókn

Barnasmíðjan

6



Portúgalsför Landssambands veiðarfæragæðna

7



Ánægjuvogin

9



Stefnumótun í Borgarnesi

10



Ísland í ESB?

Einn af kostum okkar örmáa þjóðfélags er gegnsæið og góð yfirsýn yfir augljósa hagsmunum okkar. Þannig ætti það að minnsta kosti að vera. Markaðsöflin um allan heim hafa unnið endanlegan sigur yfir áætlanabúskap og miðstýringu kommúnismans. Þeim mun einkennilegra er hversu mikil tregða virðist enn ríkjandi hér á landi gegn því að leyfa markaðslögmálum að ráða ferðinni. Höft og handstýring undir merkjum pólitískra ákvarðana eru enn okkar ær og kýr.

AÐ LÆRA AF REYNSLUNNI

Þrátt fyrir að við teljum okkur vera vel menntaða og upplýsta þjóð, þá hefur okkur gengið illa að breyta þessum hugsunarhætti. Í áratugi þurftum við að una við það að stórir hlutar efnahagskerfisins voru lokaðir frá samkeppni en þar á móti voru starfsskilyrðin heimafyrir fjarri því sem samkeppnisaðilar bjuggu við. Fyrirtæki, t.d. í iðnaði, sem bjuggu við opna samkeppni, stóðu eðlilega höllum fæti við þessar aðstæður og mörg þeirra dóu drottin sínum.

Þetta breyttist mjög á síðasta áratug. Með stöðugleika í verðlagi og almennum leikreglum í stað handstýringar í kjölfar EES - samningsins hefur starfsumhverfi

íslenskra atvinnufyrirtækja gerbreyst til hins betra. Það einkennilega er að þessar breytingar koma nánast allar að utan: Samkeppnislög, reglur um opinber innkaup, frelsi í fjármagnsflutningum, frelsi í þjónustuvíðskiptum og þannig mætti lengi telja.

SLAKIR Í HEIMAVINNUNNI

Þótt árangurinn af þessum breytingum blasi við þá gengur okkur illa að vinna okkar eigin heimavinnu. Oftar en ekki er skotið inn í Evrópureglurnar alls konar breytingum og frávikum en reglufargani frá Brussel kennt um þegar illa tekst til.

Samkeppnisreglur okkar hafa t.d. fremur beinst að því að stjórna uppbyggingu atvinnulífsins en að koma í veg fyrir misbeitingu markaðsráðandi fyrirtækja. Innleidd eru gerviútboð undir nafninu Ramma-samningar, sem enga stoð eiga í lögum. Einkavæðing fjármálastofnana hefur gengið seint og á köflum illa. Þróun skattkerfisins í átt til samræmingar við aðrar þjóðir virðist ekki lengur á dagskrá. Þannig mætti áfram telja dæmi um laklega frammistöðu þegar kemur að okkar eigin heimavinnu.

Það er varla annað hægt en að hugsa til þess með hryllingi hvar við værum á vegi stöðd ef EES-samningurinn og alþjóðavæðingin hefði ekki fært okkur þær úrbætur sem allir sjá og þekkja. En það eimir enn eftir af gamla tímanum. Þegar t.d. kemur að því að forgangsraða framkvæmdum við samgöngumannvirki þá hverfum við til gömlu lausnanna. Ef menn geta ekki fært skynsamleg rök fyrir niðurstöðunni þá er málið afgreitt með því að um sé að ræða pólitíska ákvörðun. Þar með er umræðu lokið. Mörg af stærstu úrlausnarefnum framtíðarinnar þar sem virkilega þarf að taka stefnumótandi ákvarðanir eins og Evrópumál og fiskveiðistjórnarkerfið eru einfaldlega ekki til umræðu. Það hefur sem sé verið tekin um það pólitísk ákvörðun að þessi mál séu ekki á dagskrá.

ALLIR Á SÖMU LEIÐ – NEMA VIÐ

Evrópuþjóðir hafa með örfáum undantekningum orðið sammála um að þeirra

hag sé best borgið með því að standa saman innan Evrópusambandsins. Það er að vonum hvorki einfalt né auðvelt að byggja upp slíkt samstarf, þótt sá mikilvægi áfangi hafi náðst að ríkin innan ESB hafa í rúmlega hálföld stillt sig um að herja hvert á annað. Við erum að venju á annarri skoðun, þ.e.a.s. stjórnvöld, því þjóðin er ekkert spurð um það hvað hún vill. Það er pólitísk ákvörðun að við skulum standa hjá án þess að láta á það reyna hvort við getum náð viðunandi samningi um aðild.

EKKI EINFALT REIKNINGSDÆMI

Reynt hefur verið að reikna út hvort aðild gæti borgað sig. Nær væri raunar að segja að reynt hafi verið að reikna út hvers vegna aðild borgi sig ekki. Þessir útreikningar eru vægast sagt erfiðir. Með nokkrum rökum er reyndar hægt að áætla hvaða greiðslur myndu koma frá Íslandi og renna til okkar í formi styrkja. Aftur á móti skiptir hitt miklu meira máli að spyrja um starfsskilyrði fyrirtækjanna og kaupmátt launa, því á þessu byggist velferð þegnanna þegar til lengdar lætur. Hvað kostar það heimilinn í landinu í matarinnkaupum og vaxtakostnaði að standa utan ESB? Hvað kostar það atvinnufyrirtækin okkar þegar gengi krónunnar er hækkað til að halda niðri verðbólgu og lækka innflutning í verði? Hvaða áhrif hefur það þegar gengi Evrunnar tekur dýfu þegar stærsti hluti útflutningsins er í þeirri mynt eða tengdum myntum?

Það sem mestu skiptir eru þó atriði á borð við frið, frelsi, öryggi og jafnrétti, sem seint verða metin til fjár. Þar þarf að koma til pólitísk stefnumótun um það hvar í fylkingu þjóðanna viljum við standa í framtíðinni.

Aðild að Evrópusambandinu og upptaka Evrunnar er ekkert áhlaupaverk og fjarri því að vera einföld ákvörðun. Ef valið stendur á milli almennra leikreglna sem mótaðar eru af samfélagi Evrópuríkja annars vegar og pólitískra ákvarðana íslenskra stjórnámálanna hins vegar, þá er valið auðvelt. Sá sem þetta skrifar er þeirrar skoðunar, líkt og meirihluti þjóðarinnar, að hag íslenskra fyrirtækja og heimila verði í framtíðinni betur borgið innan ESB en utan. Að ekki sé nú talað um þá stöðu, þegar þegar Norðmenn og Svisslendingar hafa gengið í ESB og lagt niður EFTA. Allar líkur eru til að þess verði ekki langt að bíða. Eftir hverju bíðum við?

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
07. tbl. Júlí 2000
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 5.7. 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Námskeið vegna löggildingar iðnmeistara

Í desember sl. var samþykkt á Alþingi svohljóðandi breyting á skipulags- og byggingarlögum:

„Þeir einstaklingar, sem fengu útgefið eða áttu rétt á að fá útgefið meistarabréf fyrir 1. janúar 1989 og hafa ekki lokið meistaraskóla, eiga rétt á löggildingu til að bera ábyrgð á verkfræmvaemdum fyrir byggingarnefnd skv. 2. mgr. 52. gr., enda hafi þeir sótt námskeið sem umhverfisráðuneytið stendur fyrir í samvinnu við prófnefnd skipulags- og byggingarmála og Samtök iðnaðarins. Heimilt er að taka gjald vegna kostnaðar við námskeiðahald. Gjöld skulu aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis en heimild þessi gildir til 1. júlí 2001.“

Í samræmi við þessa breytingu var sett reglugerð nr. 168/2000 um skilyrði fyrir löggildingu iðnmeistara. Ákvæði þeirrar reglugerðar voru kynnt í marsblaði Íslensks iðnaðar. Samið var við Menntafélag byggingariðnaðarins um umsjón með námskeiðshaldi vegna löggildingar. Mikil sókn er í að komast á þessi námskeið. Hafa tvö þegar verið haldin og komust færri að en vildu.

Einn þeirra sem sótti slíkt námskeið er Aðalsteinn I. Aðalsteinsson, formaður Málarameistarafélags Reykjavíkur. Hann segir ástæðuna einkum hafa verið þá að hann vildi viðhalda þeim



réttindum sem hann ávann sér fyrir allnokkru en með því að sækja námskeiðið geti hann haldið áfram að starfa í iðngrein sinni í núverandi kerfi. Aðalsteinn sagði námskeiðið nýttast sér afar vel. Þar hefði hann kynnst betur því laga- og rekstarumhverfi sem hann starfar í og vera þannig betur í stakk búinn til að sinna starfi sínu. Hann sagði að námskeiðið hefði verið vel uppbyggt, tekið hefði verið á öllu sem snerti daglegan rekstur, bæði faglega og rekstrarlega og menn ættu einnig að gera sér betur grein fyrir skyldum sínum og réttindum en áður.

Aðalsteinn vill beina því til félagsmanna sinna að þeir sækji þessi námskeið, ekki eingöngu til að öðlst rétti-

indi, heldur líka til að þeir öðlist meiri og betri skilning á réttindum sínum og skyldum.

Samtök iðnaðarins beina þeim tilmælum til þeirra félagsmanna sinna sem hafa hug á að sækja námskeiðið að þeir skrái sig sem allra fyrst hjá Menntafélagi byggingariðnaðarins sem veitir allar nánari upplýsingar. Rétt er að ítreka það sem kemur fram í lögum að þessi heimild gildir einungis til 1. júlí á næsta ári.

Eyjólfur Bjarnason



Ferð FÍG til St. Pétursborgar

Í maí 1999 fóru tveir gullsmiðir á vegum FÍG til Finnlands að kynna sér kennsluhætti þar. Eftir að hafa skoðað gullsmíðaskólann í Lahti var farið til St. Pétursborgar og þar kynntumst við forstöðumönnum FABERGÉ ART FOUNDATION. Sú stofnum byggist á frægð Fabergéfeðganna sem voru gullsmiðir og störfuðu í St. Pétursborg síðari hluta 19.aldar. Í Pétursborg er árlega haldin keppni ungra gullsmiða á Norðurlöndum, Eystrasaltlöndum og í St. Pétursborg og voru ungir íslenskir gullsmiðir skráðir í þá keppni. Keppnin átti að fara fram í maí 2000 og verður haldin annað hvert ár.

Félagið hefur ekki áður tekið þátt í svona keppni og vangaveltur eru uppi um það hvort íslenskir gullsmiðir eigi erindi í keppni af þessu tagi. Alls sendu fimm gullsmiðir skartgripni í keppnina. Keppnin var þrjúþætt, tveir hlutar voru fólgnir í teikningu en í þriðja þætti skyldi smíða einn skartgrip eða sett.

Hver hluti þessarar keppni var aldursskiptur annars vegar 17-25 ára en hins vegar 26-35 ára. Aðalhluti



Hópurinn í Kronstadt

keppninnar var skartgripasmíðin eðli málsins samkvæmt.

Svo skemmtilega vildi til að í eldri hópi skartgripasmíðinnar var íslensk stúlka í fyrsta sæti. Hún heitir Guðbjörg Ingvarsdóttir og verður þetta að teljast frábær árangur því að alls tóku um 100 gullsmiðir þátt.

Af þessu tilefni stóð Félag íslenskra


gullsmiða fyrir hópferð til Finnlands, Rússlands og Eistlands. Fjórtnán manna hópur lagði af stað til Finnlands 25. maí sl. og þaðan var hópnunum ekið til St. Pétursborgar í félagsskap 6 finnskra gullsmiða. Ferðin tók um 6 klst. og það var ógleymanleg reynsla að fara í gegnum rússnesku landamærin. Þá 6 daga sem hópurinn dvaldist í borginni var skipulögð dagskrá með fararstjóra, sem Fabergé stofnunin lét í té.

M.a. skoðaði hópurinn Paul and Peter Fortress, Recurrection Church og Hermitage listasafnið, frægasta listasafn í heimi sem er til húsa í Vetrarhöllinni. Hópurinn þáði boð í finnska sendiráðið og móttöku hjá Norðurlandaráði en stórkostlegasta upplifunin var Gala-veisla í Sumarhöll rétt utan við borgina. Þar tóku hvítklæddir þjónar á móti gestum með kampavíni og innandyra hljómaði tónlist strengjasveitar.

Þarna voru verðlaunin afhent en verðlaun þau er Guðbjörg hlaut voru peningaverðlaun ásamt boði um að taka þátt í „summerworkshop“ í skóla í Lappenranta, sem er bær í suðaustur Finnlandi.



Halla Bogadóttir færir Faberge Art Foundation gjafir frá íslenskum gullsmiðum



Verðlaunagripir Guðbjargar Kr. Ingvardsdóttur

Eftir að hafa notið hvernar stundar í St. Pétersborg, var haldið til Helsinki. Þar var heimsótt gullsmíðaverkstæði í miðborginni, skoðuð steinakirkja. Þar sem ferðalangarnir sátu í miðbænum og nutu lífsins tróð upp á nærliggjandi svið kunnuglegur kór en þar var kominn íslenski lögreglukórinn sem yljaði löndum sínum með kunnuglegum lögum.

Síðasta dag ferðarinnar var farið til Tallin í Eistlandi. Ferjur ganga reglulega milli Helsinki og Tallin og tekur ferðin ekki nema hálfu aðra klukkustund. Gamli bæjarhlutinn í Tallin er mjög skemmtilegur, þröngar götur, gömul velviðhaldin hús, alls konar handverk og góðir matsölustaðir.

Ferðin tókst vel í alla staði hópurinn var mjög samstilltur og góður, endalaust hlegið og mikið sungið.

Til þess að ungu gullsmiðirnir gætu tekið þátt í þessari samkeppni nutu þátttakendurnir styrkja frá Samtökum iðnaðarins sem hafa ítrekað stutt félagsmenn síðastliðin misseri. Nýsköpunarsjóður lagði einnig lóð á vogarskálina, gullsmíðakennarar í Lahti í Finnlandi og svo stjórn Félags íslenskra gullsmíða. Þökk fyrir frábæra ferð.

Halla Bogadóttir, formaður FÍG.



minna félagsmenn sína á vildarkjarasamning Samtakanna við EJS en sá samningur tryggir m.a. skuldlausum félagsmönnum SI 20% afslátt af listaverði af öllum tölvum og viðeigandi íhlutum, netbúnaði og öðrum vélbúnaði s.s. búnaði sem EJS endurselur.

Einnig er tryggður sami afsláttur af allri rekstrarvöru og hugbúnaði (öðrum en samningsbundnum). Afslátturinn gildir við öll almenn innkaup aðildarfélaga SI óháð magni.



Framleiðsla byggð á sérhæfðri þekkingu

Barnasmiðjan var stofnuð árið 1986 af núverandi eigendum, þeim hjónunum Hrafn Ingimundarsyni, vélfræðingi og Elínu Ágústsdóttur, leikskólakennara. Fyrstu tvö árin voru þau einu starfsmennirnir en nú eru þeir 8-14 eftir árstíðum.

Barnasmiðjan sérhæfir sig í framleiðslu leiktækja sem standast ýtrustu kröfur viðskiptavina. Framleiðslan gengur undir heitinu KRUMMA-GULL og er að öllu leyti íslensk hönnun og íslensk smíði.

Auk leiktækjaframleiðslunnar sérhæfir

Barnasmiðjan sig með vörur fyrir leikskóla, grunnskóla og leiksvæði. Þannig býður Barnasmiðjan þroskaleikföng margskonar, s.s. trékubba, eiturefnalausar föndurvörur, hljóðfæri fyrir skóla, leikfimiáhöld og fallmottur á leiksvæði.

Metnaður Barnasmiðjunnar felst í því að framleiða vörur sem þola samburð við það besta á markaði. Liður í þeirri viðleitni er að fá vottun á sérhverja vöru og sérhvern hlut sem notaður er við framleiðsluna.

Velta fyrirtækisins var um 80 milljónir króna í fyrra og hefur verið svipuð undanfarin ár. Fyrirtækið hefur skilað sívaxandi hagnaði vegna aukinnar hagræðingar.

Að sögn Hrafns urðu tímamót í starfsemi í fyrra en þá var öll framleiðsla fyrirtækisins reiðubúin undir vottun samkvæmt EN-staðli Evrópusambandsins.

„Kaupendur okkar gera kröfu um að tækin uppfylli staðal EN 1176. Því höfum við valið þá leið að fá þriðja aðila, í þessu tilviki erlendan, til þess að staðfesta það,“ segir Hrafn. „Í leiktæki



Hrafn Ingimundarson, Elín Ágústsdóttir og dóttir þeirra

Barnasmiðjunnar eru eingöngu notaðir í hlutir sem standast tiltekna kröfur. Fyrirtækið flytur sjálft inn sérvalið timbur, stál og bolta. Á hönnunarstigi eru teikningar og efnislýsingar af leiktækjunum sendar til sérstakra erlendra aðila sem yfirfara þær.

Að sögn Elínar eru leiktæki ekki bara leiktæki heldur er þeim ætlaður ákveðinn tilgangur og ákveðið rými. Þau eru hluti af uppeldi og skemmtun barna.

„Þegar viðskiptavinur vill kaupa af okkur leiktæki er okkar að spyrja ýmissa spurninga. Hve gamlir eru notendurnir? Hvar á leiktækið að vera? Hvað annað er til staðar á leiksvæðinu?“ segir Elín. „Hrafn vinnur úr óskum viðskiptavinarins með það að leiðarljósi að nýting tækisins geti orðið til mestrar ánægju og trúfli sem minnst. Öryggissjónarmiðið er alltaf í fyrirrúmi.“

Barnasmiðjan býður ekki aðeins einstök leiktæki til sölu heldur leitast fyrirtækið við að bjóða heildstæðar lausnir á leiksvæðum. Sveitarfélög eru t.d. farin að átta sig á því að þekking Barnasmiðjunnar er ekki eingöngu fólgin í framleiðslu á leiktækjum held-

ur ekki síður fyrirkomulagi á leiksvæðum.

„Við erum í auknum mæli beðin um að gera úttekt á leiksvæðum og koma leiktækjum fyrir á sem hentugastan og öruggastan hátt,“ segir Elín. „Við gætum eflaust selt mun fleiri einstök tæki en við gerum nú án þess að sinna því umhverfi sem þau eru í. En með því værum við að selja sál okkar.“

Hvernig er háttað samkeppni í framleiðslu og sölu leiktækja?

„Við viljum selja tæki miðað við aðstæður,“ segir Hrafn. „Við tökum ábyrgð á því að þau henti tilteknum viðskiptavinum við ákveðnar aðstæður. Sumir keppinautar okkar selja hins vegar tæki án vottunar samkvæmt EN-staðli og án þess að geta tryggt að tækin henti ætíð sem best aðstæðum barna. Einnig erum við í harðri samkeppni við ríkisstyrkta framleiðslu þannig að við erum að keppa á ólíkum forsendum. Við fögnum allri samkeppni en hún verður þá að vera á jafnréttisgrundvelli.“

Ingi Bogi Bogason

Portúgalsför Landssambands veiðarfæragerða

Átján manna hópur á vegum Landssambands veiðarfæragerða lagði land undir fót í lok apríl og hélt til Portúgal þar sem haldinn var aðalfundur landssambandsins í tilefni þess að sambandið fagnar 50 ára afmæli sínu á þessu ári. Jafnframt var tækifærið notað til að heimsækja nokkur þarlend fyrirtæki í sömu grein. Hópurinn heimsótti nokkrar verksmiðjur í nágrenni Portó en síðast en ekki síst verksmiðju Hampiðjunnar sem er til húsa í bænum Pombal milli Portó og Lissabon. Gestirnir hlutu hvarvetna höfðinglegar viðtökur og voru sums staðar leystir út með gjöfum.

Í verksmiðju Olivera sem framleiðir garn og tóg vakti mesta athygli framleiðsla á mjög sveru nylontógi sem notað er í landfestar en ein rúlla af því vó um 900 kíló. Önnur verksmiðja Olivera framleiðir víra, vírmanilu og tóg. Þar þótti athyglisverður munurinn á framleiðslu tógs og víra, hvað allt sem viðkom víraframleiðslunni var miklu öflugra og þyngra en tógframleiðslan þótt framleiðsluáferðirnar væru á margan hátt líkar.

Verksmiðjur Euronete og Cerfil eru á sömu lóðinni og undir sömu yfirstjórn.

Þar var mikil breidd í starfsemi, framleitt allt frá hárum í uppþvottabursta til sverustu kaðla. Þar var einnig framleitt úr sisal, hampi og kókostrefjum, efnunum sem núorðið eru sjaldséð í veiðarfærum í okkar heimshluta en eru orðin eftirsótt í gólfteppi.

Að síðustu var verksmiðjan Balmar í Phombal sem er í eigu Hampiðjunnar heimsótt, en þar var rekstur ekki í fullum gangi vegna breytinga sem áttu sér stað um þær mundir. Aðalfundur Landssambands veiðarfæragerða var haldinn í Phombal.

Í ferðarlok sátu ferðalangarnir hátíðarveislu í tilefni 50 ára afmælis landssambandsins. Þáttakendur í ferðinni luku upp einum rómi að ferðin hefði tekist frábærlega

vel og verið bæði fróðleg og skemmtileg.

Magni Guðmundsson



Heimsókn í Olivera



Jose Gramaxo forstjóri Euronete sýndi hópnum verksmiðjurnar



Matvæladagur MNÍ 2000 Örugg matvæli

Matvæladagur MNÍ 2000 verður haldinn föstudaginn 13. október 2000, kl. 12:30-17:00 í Hvammi, Grand hótél Reykjavík.

Að venju er boðað til ráðstefnu og er yfirskrift dagsins „Örugg matvæli.“ Á ráðstefnunni munu fulltrúar stofnana og fyrirtækja fjalla um málið frá ýmsum hliðum, þ.á.m. tíðni og útbreiðslu matarsjúkdóma á Íslandi og stjórnkerfi í fyrirtækjum til að tryggja örugg matvæli. Auk þess mun þekktur erlendur sérfræðingur á sviði neytendamála fjalla um traust neytenda á matvælum.

Tímasetning matvæladagsins er valin með tilliti til þess að 16. október ár hvert minnir Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, á misskiptingu fæðu í heiminum á alþjóðlegum degi fæðunnar. Þema hins alþjóðlega fæðu-

dags FAO árið 2000 er „Árþúsund án hungurs“ („A Millennium free from Hunger“) og eru í tilefni hans ýmsir viðburðir víða um lönd, þar á meðal á Íslandi þar sem sú hefð hefur skapast að minna á alþjóðlegan dag fæðunnar á Matvæladegi MNÍ.

Í fundarhléi verður „Fjöregg MNÍ“ afhent en það er veitt fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunagripinn sem er hannaður og framleiddur hjá Gleri í Bergvík. Öllum er frjálst að tilfærna vörur til keppinnar og munu tilnefndar vörur verða metnar af þriggja manna dómnefnd. Gert er ráð fyrir að eftirtalin atriði verði meðal annars höfð í huga við mat dómnefndar:

- nýnæmi
- frumleiki í útfærslu
- útlit
- lausn á sérstökum vandamálum
- trygging gæða og ferskleika



- tækni við framleiðslu
- umbúðir
- markaðssetning

Framleiðendum er bent á að koma vörum sínum á framfæri við undirbúningsnefnd fyrir verðlaunatilnefninguna. Í henni eiga sæti Kolbrún Sveinsdóttir, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Guðrún E. Gunnarsdóttir, Rannsóknþjónustunni Sýni og Sigríður Eysteinsdóttir, Næringarstofu Landspítalans. Nánari upplýsingar gefa Guðrún E Gunnarsdóttir í síma: 567 3040 og Kolbrún Sveinsdóttir í síma: 562 0240.

Ungir hugvitsmenn verðlaunaðir

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda var haldin í níunda sinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í maí sl. að viðstöddum forseta Íslands hr. Ólafi Ragnarí Grímssyni sem afhenti sigurvegurum verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar.

Í ár bárust alls 2000 hugmyndir í keppnina frá 58 skólum, þar af 38 á vefnum. Fyrsta árið sem keppnin var haldin árið 1992 bárust 75 hugmyndir.

Keppt var í tveimur flokkum, flokki uppfinninga og formhönnun.

Fyrstu verðlaun í flokki uppfinninga hlaut Árni Þór Finnsson, Hjallaskóla, 50 þúsund krónur frá Tal hf. fyrir gelpúða. Önnur verðlaun hlaut Lilja Karen Þrastardóttir, Hamraskóla, 30 þúsund krónur frá Tækniskóla Íslands fyrir skógrind. Elísabet Ögn Jóhannsdóttir og Berglind Sunna Stefánsdóttir, Lækjarskóla, hlutu þriðju verðlaun, 10 þúsund krónur frá Landssambandi

hugvitsmanna fyrir vinstri handar hjálp.

Í flokki formhönnunar hlaut fyrstu verðlaun Hákon G. Þorvaldsson, Andakílsskóla, 50 þúsund krónur frá Samtökum iðnaðarins fyrir tínhlið með strekkjara. Önnur verðlaun hlaut Birkir Böðvarsson, Laugarnesskóla, 30 þúsund krónur frá Íþrótt- og tólmstundaráði Reykjavíkur fyrir orgelpíanóbekk og þriðju verðlaun, 20 þúsund krónur frá Félagi íslenskra smíðakennara, hlaut Thelma Rún Sigfúsdóttir, Öldutúnsskóla fyrir skeiðastoppa.

Nemendum, sem komust í undanúrslit, var boðin þátttaka í vinnusmiðju í Gerðubergi og þágu nær allir boðið. Vinnusmiðjan stóð dagana 8. og 9. apríl og nýttu þátttakendur tækifærið til að útfæra betur hugmyndir sínar á veggspjöld og í líkön undir handleiðslu sérfræðinga.

Undanfarin þrjú ár hafa Samtök iðna-

ðarins valið eina hugmynd úr keppninni til að láta hanna til markaðsvöru.

Í mars sl. var opnaður vefur um nýsköpunarstarf þar sem nemendur geta skráð sig til þátttöku í keppnina og farið inn á sitt vinnusvæði og haldið áfram að útfæra hugmyndir sínar. Slóðin er: www.inet.is/umsokn.

Inni á vef Samtaka iðnaðarins: idnadur.is er einnig ítarlegur kafli um nýsköpun í skólum á Íslandi.

Samstarfsaðilar Nýsköpunarkeppinnar eru: Kennaraháskóli Íslands, Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkur, Tækniskóli Íslands, Samtök iðnaðarins, Form Ísland, Landssamband hugvitsmanna og Félag íslenskra smíðakennara.

Sérstakir styrktaraðilar eru: Altach Ltd. og Össur hf. en forsætisráðuneytið og ráðuneyti menntamála og iðnaðar ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins styrkja einnig keppnina.

Haraldur D. Nelson



Íslenska ánægjuvogin af stað í annað sinn

Aðalfundur Íslensku ánægjuvogarinnar var haldinn miðvikudaginn 14. júní s.l. en félagið var stofnað á síðasta ári af Samtökum iðnaðarins, Gæðastjórnunarfélagi Íslands og Gallup. Tilgangur félagsins er að stuðla að mælingu á ánægju viðskiptavina í garð íslenskra fyrirtækja og stofnana og tryggja þeim aðgang að alþjóðlega samanburðarhæfum mælingum.

Félagið hafði á síðasta ári umsjón með þátttöku Íslands í stóru evrópsku tilraunaverkefni „Evrópsku ánægjuvuginni.“ Með því að stofna sérstakt félag um þetta verkefni strax á fyrsta ári má segja að visst forskot hafi unnið hér á landi, en nokkur af þátttökulöndunum munu áfram vinna í verkefnabundnu skipulagi á þessu ári.

Alls tóku ellefu Evrópuþjóðir á síðasta ári þátt í samræmdum mælingum á ánægju viðskiptavina fyrirtækja. Þetta voru Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, ÍSLAND, Ítalía, Portúgal, Spánn, Sviss og Svíþjóð. Mælingar voru gerðar meðal banka, tryggingafélaga, farsímafélaga, stórmarkaða og í matvælaíðnaði. Verkefnið tókst mjög vel og voru niðurstöður áhugaverðar fyrir Ísland, en í heildarsamanburði á þeim greinum sem mældar voru kom Ísland


best út. Um niðurstöðurnar hefur verið fjallað í fjölmiðlum og fundum heima og erlendis þó ákveðið hefði verið að stilla fjölmiðlaumfjöllun í hóf, þar sem verkefnið var enn á tilraunastigi.

Nú er unnið að því að koma mælingunum á varanlegan grundvöll stjórnunar- og fjárhagslega. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á grunnlíkani ánægjuvogarinnar í ljósi reynslunnar og þá aðallega þannig að spurningar eru hnitmiðaðri og einfaldari. Hér á landi er stefnt að fjölgun starfsgreina. Hollendingar, Norðmenn, Írar og Bretar að stefna að því að slást í hóp þátttökulanda í ár. Forsendan fyrir því að starfsgreinar verði mældar er að 2-3

þannig grundvöll fyrir markvissari gæðastjórnun og leiðir til jákvæðari ímyndar, aukinnar tryggðar viðskiptavina og samkeppnishæfni. Þetta dregur úr áhrifum verðsveiflna og undirboða á markaðnum. Mælingin nær ekki eingöngu til ánægjunnar, heldur eru ýmsir áhrifa- og afleiðingapættir skoðaðir. Má þar nefna ímynd, gæði vöru og þjónustu, væntingar, verðgildismat og tryggð viðskiptavina. Miðað við þann áhuga sem evrópsk fyrirtæki hafa sýnt þessum nýju aðferðum eru líkur á ánægjuvogin muni á næstu árum þróast sem eitt af mikilvægustu stjórnækjum fyrirtækja til að mæla og meta árangur á markaði.

Ánægjuvogin gefur upplýsingar um hvernig fyrirtæki hafa staðið sig á undanfögnu tímabili og gefur jafnframt vísbendingu um hvernig viðskiptavinirnir hyggjast breyta gagnvart fyrirtækinu í nánustu framtíð. Í rannsóknunum sem gerðar hafa verið í Svíþjóð og Bandaríkjunum hefur t.d. komið í ljós sterk fylgni milli arðsemi fyrirtækja og ánægjuvogar. Einnig hefur verið sýnt fram á sterka fylgni milli breytinga á ánægjuvog og breytinga á gengi hlutabréfa á verðbréfaþingum í Svíþjóð og Bandaríkjunum.

Eitt af því sem gerir þetta mælitæki svo áhugavert fyrir utan samanburð-



Líkan Evrópsku/Íslensku ánægjuvogarinnar

fyrirtæki í greininni með um 60-70% af heildarveltu verði þátttakendur.

Fyrirtæki sem hafa komið sér upp vel skilgreindum aðferðum til að mæla ánægju viðskiptavina sinna hafa mun betri forsendur til ákvarðana um umbætur í vöru- og þjónustuframboði en þau sem lítið vita um ánægju viðskiptavina sinna. Ánægjuvogin skapar

arhæfnina, er sú nákvæmni sem náðst hefur í mælingunum, en hún er talin vera +/- 2 stig á skalanum (0-100). Það er samdóma álit þeirra sérfræðinga, að hér sé á ferðinni með áreiðanlegri tölfræðigögnum sem gerð hafa verið til samanburðar milli landa.

Mæling sem þessi er góður grunnur fyrir fyrirtæki til að byggja gæðastarf sitt á og nýtist t.d. vel þeim fyrirtækjum sem hyggjast í framtíðinni miða gæðastarf sitt við líkan EFQM eða Business Excellence. Þá geta fyrirtæki líka valið að nota ánægjuvögina sem grunnlíkan fyrir dýpri þjónusturannsóknir þar sem þau láta kanna viðhorf viðskiptavina til tiltekinna þátta í starfseminni eða einstakra nýjunga.

Þáttökufyrirtækin fá ítarlega skýrslu með öllum þáttum vogarinnar og samanburð við greinina í heild. Upplýsingarnar eru brotnar niður eftir markhópum, aldri, kyni, búsetu og fleiru sem er mikilvægt fyrirtækjum sem vilja bæta stöðu sína gagnvart viðskiptavinum.

Hvert fyrirtæki fær markvissari samanburð með því að taka þátt í samræmdum mælingum ánægjuvogarinnar en að láta gera sérstakar kannanir fyrir sig. Auk þessa býðst þáttökufyrirtækjum innan þeirra starfsgreina sem mældar verða í ár að kaupa fyrirtækjaskýrslu fyrir sitt fyrirtæki á sérstökum tveggja ára samningi með 10% afslætti. Því miður verður að takmarka fjölda greina í ár þar sem nokkuð er lagt upp úr að þáttökulöndin séu samstíga í vali starfsgreina. Það er þó mikilvægt að þau fyrirtæki sem hafa áhuga á slíkum mælingum láti heyra í sér til þess að koma sinni starfsgrein á listann fyrir næsta ár, verði starfsgrein þeirra ekki valin í ár. Samtök iðnaðarins hvetja því aðildarfyrirtæki sín til að fylgjast vel með og láta vita sem fyrst ef þau vilja að mælingar verði teknar upp í þeirra starfsgrein.

Davíð Lúðvíksson



Stefnumótun framleiðenda tækni og búnaðar fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu liggur fyrir

Samtök iðnaðarins hafa í samráði við fyrirtæki á sviði tækni og búnaðar fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu unnið að mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar í greininni.

Niðurstöður þessarar vinnu liggja nú fyrir og mótuð hefur verið framkvæmdaáætlun til að hrinda áhersluverkefnum í framkvæmd. Fjölmargir aðilar hafa komið að þessari vinnu en megin línurnar voru lagðar á sólarhringslögum vinnufundi ásamt tveimur styttri vinnufundum. Þrjú vinnuhópar hittust til að útfæra framkvæmd á afmörkuðum sviðum, s.s. á sviði markaðsmála, rannsókna og þróunar og menntamála.

Meginniðurstöður vinnunar eru settar fram í framtíðarsýn og afgerandi forsendum, auk þess sem áhersluverkefni eru mótuð og gerðar tillögur um framkvæmd þeirra. Framtíðarsýnin og forsendur hennar eru sett fram í þulartextaformi eins og verið sé að gefa ástandslýsingu á greininni á gefnum tímamarki. Framtíðarsýnin kom sér saman um að ártalið 2006 væri hæfilegur tímamarkur. Í þessari samantekt er framtíðarsýnin birt í heild sinni sem lýsing á þeirri stöðu sem menn vilja sjá greinina í árið 2006. Þá eru taldar upp þær forsendur og verkefni sem nauðsynleg eru til að gera þessa sýn að veruleika.

FRAMTÍÐARSÝN TIL ÁRSINS 2006

1. Öflug fyrirtæki með stóraukin umsvif og góða framleiðni.

Helstu fyrirtæki greinarinnar hafa sameinast og verið skráð á VÞÍ. Þessi fyrirtæki eru sýnileg á þjóðfélaginu, hafa greiðan aðgang að fjármagni og eru öguð í rekstri. Það gerir þeim kleift að stunda markvissa vöruþróun, öflugt markaðsstarf og að laða til sín úrvalsfólk á öllum sviðum.

Öflugri fyrirtæki skapa forsendu stóraukinna umsvifa í greininni með bættum rekstri sem byggist á aukinni stærðarhagkvæmni og faglegri vinnubrögðum. Samkeppnishæfni fyrirtækja hefur aukist og þau eru virt og starfa á alþjóðamarkaði.

Smærri fyrirtæki njóta góðs af þessari þróun ýmist sem samstarfsaðilar eða sérhæfðir undirverktakar stærri fyrirtækja.

2. Forysta á alþjóðamarkaði.

Íslensk fyrirtæki sem framleiða hátæknibúnað fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu standa fremst á sínu sviði á alþjóðamarkaði.

Þróun tækja og búnaðar byggir á sterkum og framsæknum sjávarútvegi sem stöðugt skapar hátæknifyrirtækjum ný sóknarfæri.

Vegna árangursríks samstarfs íslenskra matvælaframleiðenda, sjávarútvegsfyrirtækja og framleiðenda hátæknibúnaðar eru íslenskar hátæknilausnir notaðar sem fyrirmyndir á alþjóðamarkaði.

Samstarf innlendra fyrirtækja eykur sífellt veg fyrirtækjanna í markaðssókn erlendis. Íslensk fyrirtæki og vörumerki eru heimsþekkt og laða til sín erlenda aðila til samstarfs í vinnslu matvæla og vinnslutækni.


3. Í forystu í framleiðslu og þróun tækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu.

Íslendingar hafa náð forystu í framleiðslu tækja og búnaðar fyrir sjávarútveg og hefur það átt stóran þátt í því að hámarksafkastur hefur náðst við vinnslu sjávarfangs. Arðbærum störfum við fullvinnslu sjávarafurða hefur fjölgað stórlega og þá hafa íslensku fiskmjölsverksmiðjurnar náð þeim áfanga að framleiða eingöngu gæðamjöl.

Íslendingar eru í forystu í hönnun og þróun fiskiskipa, sem hefur m.a. leitt til aukinnar hagkvæmni í rekstri og stórbættur öryggisbúnaður um borð í skipum hefur fækkað slysum hjá sjómönnum.

Vinnubrögð við útboð og mat tilboða innanlands hafa batnað verulega og hefur það orðið til þess að hlutur innlendra framleiðenda hefur aukist umtalsvert á síðustu árum til hagsbóta fyrir þá og viðskiptavinum þeirra.

Hlutur innlendra framleiðslu hefur vaxið á síðustu árum á kostnað innflutnings enda flestir sammála um að íslensk framleiðsla standist ströngustu gæðakröfur.



Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða, né lýsingu á einstaka verkefnum, en þegar hafa verið gerðar framkvæmdaáætlanir á framangreindum sviðum. Nokkur af þessum verkefnum fara á dagskrá Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar, önnur verða unnin í samstarfi við Útflutningsráð, rannsóknastofnanir atvinnuveganna, Fræðsluráð málmiðnaðarins og aðra samstarfsaðila iðnaðarins.

Stefnt er að því að sem flest áhersluverkefni komist til framkvæmda á næstu 2 árum.

Davíð Lúðvíksson

AFGERANDI FORSENDUR

Eftirtaldir forsendur töldu forsvarsmenn fyrirtækjanna vera afgerandi til framtíðarsýnin geti orðið að veruleika.

1. *Víðtækt samstarf um lausn stórra og flókinna verkefna.*
2. *Aukin menntun og starfsþjálfun skilar árangri.*
3. *Styrkur fyrirtækjanna liggur í mannauði, skilvirkri stjórnun og gæðum.*
4. *Aukin tækni, betri samkeppnishæfni framleiðslu.*
5. *Öflug nýsköpun byggð á þekkingu og samstarfi.*
6. *Samkeppnishæft laga-, reglugerða- og starfsumhverfi.*
7. *Fjölbreytt fjármögnun á markaði.*

ÁHERSLUVERKEFNI

Fjölmörg áhersluverkefni komu fram í stefnumótunarferlinu, sem var forgangsraðað m.t.t. framangreindra meginatriða í framtíðarsýn og forsendum. Helstu áhersluverkefni sem fram komu voru um samstarf á sviði markaðs-, þróunar- og menntamála, auk almennra starfsskilyrðamála. Samstaða var um að brýnasta verkefnið til skamms tíma væri að halda aftur af innlendum kostnaðarhækkunum og hækkun gengis íslensku krónunnar. Til lengri tíma voru það einkum þróunar og menntamálin sem vógu þyngst. Af einstökum verkefnum sem mestan forgang fengu má nefna:

1. *Markaðssókn - markaðsfyrirtæki - á sérsviðum (s.s. öryggismál, smábátar ofl.).*
2. *Frumgerð vöru - framkvæmd styrkja- áhættulán.*
3. *Vinnsluferli uppsjávarfiska - samstarfsverkefni iðn/sjávarútv.*
4. *Samstarf um lausnir (heildarlausnir).*
5. *Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar - frh.*
6. *Þróunarsetur iðnaðar og sjávarútvegs.*
7. *Hugverkavernd, virk meðhöndlun (3 verkefni).*
8. *Verkefnafjármögnun - við sölu framleiðslu.*
9. *Menntun málmiðnaðarm. í nútímahorf.*
10. *Vinnustaðanáam - þróa og efla.*
11. *Tækni- og viðskiptaháskóli atvinnulífsins.*
12. *Eitt atvinnumálaráðuneyti - átak til aðgerða á vegum SI og SA.*
13. *Afnám vörugjalda.*
14. *Gæðamál - staðlar - prófanir - CE-merkingar.*

Lifandi fréttavefur

www.si.is

Að læra að flytja út?



Í 10 ár hefur Útflutningsráð Íslands boðið stjórnendum fyrirtækja upp á þróunarverkefni sem nefnist Útflutningsaukning og hagvöxtur. Verkefnið, sem er upprunnið á Írlandi og hefur reynst afburða vel víða í Evrópu við að innleiða markviss og árangursrík vinnubrögð við markaðssetningu, er ætlað fyrirtækjum í framleiðslu og þjónustu, sem áhuga hafa á að hefja útflutning, auka útflutning eða almennt að treysta tök sín á markaðssetningu erlendis.

Verkefnið tekur 10 mánuði og samanstendur af mánaðarlegum 2ja daga vinnufundum, mánaðarlegum vinnudegi með ráðunaut, markaðsrannsóknunum, kynnisferð á valinn markað og gerð klæðskerasaumaðrar markaðsáætlunar fyrir hvert þátttökufyrirtækjanna. Næsta verkefni hefst í október n.k. og lýkur í júní árið 2001. Þátttakendur verja a.m.k. þremur til fjórum dögum á mánuði í aðgerðir tengdar verkefninu.

Útflutningsráð hefur átt nána samvinnu við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Íslandsbanka og SI sem hafa stutt verkefnið fjárhagslega og faglega, og einnig leitað til annarra aðila s.s. banka, sjóða, stofnana og félaga um að benda á fyrirtæki sem gætu haft gagn af þátttöku í verkefninu.

Tíunda verkefninu lauk 28. júní og



F.v. Haukur Björnsson, verkefnisstjóri, Friðrik Jónsson (Sjávarleður), Gunnar Egilsson (Þingból), Almar Eiríksson (Íshreinn), Sigfríð Þórisdóttir (Pottagaldrar), Skúli Guðbjarnarson, Gyða Atladóttir (Leðuriðjan), Þorbergur Halldórsson (Gullsmiðja Reykjavíkur), Logi Guðjónsson (Glófi), Þórður Kárasón (Ásprent), Valgerður Sverrisd. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs Íslands

Ljósmyndari: Ragnar Th. Sigurðsson

voru níu fyrirtæki þátttakendur að þessu sinni. Þau eru: Ásprent hf. og Glófi ehf., Akureyri; Eyrareldi ehf. og Þingból hf., Tálknafirði; Sjávarleður hf., Sauðárkróki.; Pottagaldrar, Gullsmiðja Reykjavíkur, Leðuriðjan ehf. og Íshreinn í Reykjavík.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra frú Valgerður Sverrisdóttir afhenti þátt-

takendum viðurkenningarskjöl og flutti ávarp.

Skráning er þegar hafin í næsta verkefni sem hefst í október. Verkefnisstjóri er Haukur Björnsson hjá Útflutningsráði Íslands, sími 511 4000, haukur@icetrade.is



Sumarleyfi Samtaka iðnaðarins 21. júlí til 11. ágúst

Meirihluti starfsmanna Samtaka iðnaðarins verður í sumarleyfi dagana 21. júlí til 11. ágúst nk. að báðum dögum meðtöldum. Þjónusta verður því skert þessa daga en skrifstofunni þó ekki lokað algjörlega.